



Hólabrekkuskóli – heildarmat á skólastarfi

Nóvember 2008
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Nanna K. Christiansen

Hildur Sigurðardóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Skólastarf.....	7
Nám og kennsla	7
Markmið og áætlanir	8
Skipulag skólastarfs.....	8
Nemendur og líðan	9
Félagslíf og skemmtanir	10
Stjórn nemendafélags	10
Reglur og agi	10
Viðvera nemenda.....	11
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	11
Upplýsingamiðlun og samskipti	13
Verklag	15
Fjölbreyttar leiðir í námi	15
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	15
Námsmat.....	17
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	17
Skólaþróun og mat	20
Virk upplýsingamiðlun.....	21
Heimasíða.....	21
Skólanámskrá og starfsáætlun.....	21
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	22
Mannauður	24
Starfsmenn og líðan.....	24
Samstarf.....	25
Samstarf við foreldra	25
Aðbúnaður:.....	26
Viðvera starfsmanna.....	26
Símenntun og starfsþróun.....	27
Stjórnun og skipulag.....	27
Fjármál	30
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun	30
Fjárhagsleg staða skólans	30
Greining.....	31
Samantekt ábendinga.....	31
Heimildir	35
Fylgiskjöl.....	35

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Hólabrekkuskóla sem fram fór í október 2008. Matið var framkvæmt af starfsfólki Menntasviðs. Hólabrekkuskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2008-2009. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Hólabrekkuskóla er Hólmfríður G. Guðjónsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Vignir Diegó. Hólabrekkuskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur 1.-10. bekkjar. Nemendur Hólabrekkuskóla eru 525 skólaárið 2008-2009 sem er rúm 95% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum fækki aðeins næstu fimm ár og verði á bilinu 500-515. Í skólanum eru 78 starfsmenn skólaárið 2008-2009 í um 71,7 stöðugildum, þar af kennarar í um 41,2 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,4 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra hlutfall en í borginni í heild að meðaltali. Ef aðeins er miðað við kennara í Hólabrekkuskóla eru 12,7 nemendur á hvert stöðugildi.

Hólabrekkuskóli hóf starfsemi sína haustið 1974. Byggt var við skólann í áföngum frá 1979-1984. Nemendafjöldi fór mest í tæplega 1200 nemendur árið 1979 og á árunum 1979-1986 sveiflast nemendafjöldi frá rúmlega 1000 til tæplega 1200 nemendur. Nemendum fer síðan ört fækkandi næstu 12 ár. Eftir 1998 virðist hverfið komið í jafnvægi með 500-600 nemendur. Reist var viðbygging við skólann á árunum 2000-2002. Jafnframt voru gerðar breytingar á eldri byggingum og m.a. komið fyrir framleiðslueldhúsi í tengslum við fjölnotasal. Heildarstærð skólans er nú um 6.755m² án íþróttasalar.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr nýrra grunnskólalögum nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37.gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalda, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalag í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur starfsmanna á Menntasviði ásamt ráðgjafa til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Heildarmat fór fram í einum grunnskóla á vorönn 2007 og í 6 grunnskólum skólaárið 2007-2008. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2008-2009.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Stýrihópurinn hafði til hliðsjónar eftirfarandi ferli sem mótað hafði verið í vinnu starfshóps á vegum menntaráðs og notað við heildarmat í 7 grunnskólum skólaárið 2007-2008.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- Ákvörðun tekin um athugun í skóla vika 1
- Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn vika 1
- Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð vika 1

- | | |
|--|-------------|
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til menntaráðs | í lok annar |

Frekari eftirfylgni ræðst af niðurstöðum matsins.

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með foreldraráði, fundur með nemendaráði
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá (nýjustu útgáfu) þ.m.t.
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendaráðs/nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir vorönn 2008
 - Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
 - Heimasíða skólans
 - Stundaskrár 2008-2009 og yfirlit yfir valgreinar (kenndar)
 - Kennsluáætlanir 2008-2009 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir en ekki breytt skýrslunni nema rangt sé með farið.
- Fundað með skólastjórnendum og með foreldraráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Skólastarf

Nám og kennsla

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk vorið 2008 og var niðurstaða þess að rúm 53% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavíkur var um 67%. Meðalárangur nemenda í 2. bekk Hólabrekkuskóla var 62% sem er marktækt lakari árangur en meðalárangur allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (72%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2007 var Hólabrekkuskóli með meðalárangurinn 68% og þá gátu 58% nemenda lesið sér til gagns.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2008 er marktækt lakari en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Sama á við um árið 2007.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að bæta árangur nemenda í lestri.

Stærðfræðiskimun með Talnalykli var ekki lögð fyrir nemendur í 3. bekk Hólabrekkuskóla árið 2007. Hólabrekkuskóli hefur ekki verið þátttakandi í stærðfræðiskimun grunnskóla Reykjavíkur. Þegar Talnalykill var lagður fyrir nemendur í 24 grunnskólum borgarinnar nóvember 2007 var meðalárangur nemenda í þættinum Reikningur og aðgerðir mælitalan 10.8. 68% nemenda sem tóku þátt fóru aðeins í þann prófþátt og teljast ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Miðað við niðurstöður skimunar árið 2007 teljast um 7% nemenda meðaltali í grunnskólum Reykjavíkur líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Hólabrekkuskóli hefur ekki verið þátttakandi í stærðfræðiskimun grunnskóla Reykjavíkur.

Samræmd próf – framfarastuðull²

Framfarastuðull nemenda í Hólabrekkuskóla 2006 er 1.01 í íslensku í 10. bekk sem telst venjulegar framfarir nemenda, í stærðfræði í 10. bekk er framfarastuðullinn 0.98 sem eru einnig venjulegar framfarir nemenda. Í íslensku í 7. bekk og í stærðfræði í 7. bekk er framfarastuðullinn 1.00 sem telst venjulegar framfarir nemenda (sjá nánar í fylgiskjali 1, Hólabrekkuskóli og skólahverfi).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.

Árangur í Pisa 2006

Í PISA 2006 var lögð áhersla á mælingu á frammistöðu nemenda í náttúrufræði, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum á stærðfræði og lesskilningi. PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is).

¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

² Framfarastuðull gefur vísbandingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn preytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

Skoðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA. Hólabrekkuskóli er meðal þeirra skóla sem sýna lakastan árangur nemenda í öllum þremur þáttum, náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi. Þátttaka nemenda í rannsókninni var góð, 96% 15 ára nemenda tóku þátt.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Hólabrekkuskóli er meðal þeirra skóla í Reykjavík sem sýna lakastan árangur nemenda í öllum þremur þáttum PISA 2006, náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi.

Markmið og áætlanir

Markmið einstakra greina eru sett fram í námskrám fyrir skólaárið. Námskrár eru hluti af skólanámskrá skólans og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti og eru einnig birtar á heimasíðu skólans. Í þeim koma fram stundafjöldi á viku, markmið, viðfangsefni, bækur og gögn fyrir hverja grein og fyrir hvern árgang í 1.-7. bekk og eftir greinum í 8.-10. bekk. Í 8.-10. bekk er einnig fjallað um námsmat. Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir önnina og skipt upp í tímabil, oftast viku í senn. Þar er fjallað um námsefni, inntak, kennsluhætti, heimanám og námsmat.

Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Námskrár fyrir árganga í öllum greinum eru birtar á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir önnina og afhentar nemendum og foreldrum.
- Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir.

Skipulag skólastarfs

Skólinn er opnaður kl. 7:45 alla virka daga. Þeir nemendur sem þurfa að mæta áður en skóli hefst geta verið í sinni heimastofu undir eftirliti skólaliða. Kennsla hefst kl.8:05 og stundataflan er skipulögð í 80 mínútna lotur. Frímínútur eru 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og 15 mínútur milli 4. og 5. stundar. Borðað er í matsal í fjórum hópum á bilinu 11:10-13:05.

Skoðaðar voru stundatöflur nemenda. Á töflu 1. bekkjar eru skráðir 30 tímar og að auki 70 mínútna hádegis- og matarhlé alla daga. Á töflu 2.-8. bekkja eru skráðir 35 tímar og að auki 55 mínútna hádegis- og matarhlé alla daga. Í 9. bekk eru 33 nemendatímar á töflu, og 10. bekk 32 nemendatímar auk 30 mínútna hádegis- og matarhlés flesta daga, þar koma til viðbótar valgreinar einstakra nemenda.

Bekkjarkennarar kenna flestar eða allar bóklegar greinar í 1.-7. bekk, bekkurinn á sína bekkjarstofu og lögð er áhersla á samvinnu nemenda og kennara í árgangnum í regnbogahópum og í list- og verkgreinum. Greinakennsla einkennir skipulagið í 8.-10. bekk, hver grein og kennari eiga sína stofu og nemendur fara á milli. Umsjónarkennari í unglingadeild hefur þó oftast fleiri tíma með bekknum.

Í 4. bekk og eldri árgöngum blandast nemendur í íslensku og stærðfræði í svokallaða regnbogahópa. Í því felst að árgangnum er skipt eftir getu og/eða vinnufærni í fjóra hópa sem eru misstórir. Markmið þessarar skiptingar er að koma til móts við nemendur og veita þeim nám við hæfi. Í 5. bekk hefur árganginum ekki verið skipt í regnbogahópa og er það að sögn kennara vegna hegðunarferðleika og agamála í árganginum.

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum og er nemendum raðað í hópa þvert á árganginn. Að mati eins kennarans er þessi blöndun „ekki alveg að gera sig“, hópar eru of stórir og það tekur tíma fyrir hvern og einn í nemendahópnum að finna sinn stað en á móti kemur að þetta eflir vinavitund og nemendur hafa gott af því að vera í nýjum hóp.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í 4. bekk og eldri árgöngum blandast nemendur í íslensku og stærðfræði í svokallaða regnbogahópa. Þörf er að ræða kosti og galla þess.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2007 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Hólabrekkuskóla sú að 73% nemenda svöruðu að þeim líði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er nokkuð hærra en meðaltal allra grunnskólanna sem er 69% (sjá nánar í fylgiskjali 1, Hólabrekkuskóli og skólahverfi).

Skólinn hefur unnið í verkefni Olweusar gegn einelti síðan árið 2004 og er lögð áhersla á að einelti er ekki liðið í skólanum. Markmið skólans er að allir bæði starfsfólk og nemendur, séu meðvitaðir um hvað einelti er og hvernig það birtist. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli í eineltismálum. Starfandi er samskiptateymi sem hefur m.a. það hlutverk að aðstoða umsjónarkennara í viðtölum við þolendur og gerendur (Samskipti, Pollýanna, Hólabrekkuskóli 2008). Greinilega hefur ýmislegt verið gert til að efla jákvæð samskipti, nemendur í rýnihópum nefna vinahópa milli yngri og eldri, vinaleiki, vinavíkur og vinabók auk þess sem yngstu nemendur safna „hjálparahöndum“.

Í rýnihópum nemenda kemur fram að þeim líði oftast vel í skólanum, „sérstaklega ef maður er að gera eitthvað skemmtilegt“, og þau telja að flestum öðrum líði vel. Þau tala þó um félaga sína sem þau vita að verða fyrir stríðni en kannast ekki við að það sé einelti, enda „er alltaf verið að tala um einelti og alls konar kannanir“. Stríðnin getur tengst kynþætti eða trúarbrögðum en þau nefna líka stríðni milli þeirra sem gengur illa í skóla og hinna sem gengur vel.

Nemendur tala vel um kennara sína en segja viðmót þeirra mismunandi, „og það er mismunandi hvort þeir eru klárir í því sem þeir eru að kenna“. Skemmtilegast finnst nemendum í list- og verkgreinum og sumir nefna einnig íþróttir, þó viðhorf þeirra gagnvart íþróttakennaranum sé mismunandi.

Foreldrar í rýnihópi telja einnig að nemendum líði almennt vel í skólanum og samskipti við kennara almennt góð.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- 73% nemenda í 5.-7. bekk líður alltaf eða oftast vel í kennslustundum skv. könnun 2007 sem er yfir meðaltali í borginni (69%).
- Skólinn hefur unnið í verkefni Olweusar gegn einelti síðan árið 2004 og ýmislegt verið gert til að efla jákvæð samskipti.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína.
- Skemmtilegast finnst nemendum í list- og verkgreinum.

Félagslíf og skemmtanir

Samstarf er við ÍTR um félagsstarf í hverfinu í félagsmiðstöðinni Miðbergi. Böll eru haldin einu sinni í mánuði. Leiklistarhópur tekur þátt í Skrekk og setur upp jólaleikrit fyrir yngri nemendur, skákmót er fyrir alla bekkir og skólinn tekur þátt í skólahreysti og íþróttamóti, félagsmiðstöðin tekur einnig þátt í Samfés. Nemendaráð skipuleggur félagsstarf og þátttöku í ýmsum uppákomum, s.s. Skrekk.

Félagsstarf yngri nemenda er skipulagt af bekkjarfulltrúum meðal foreldra í samvinnu við umsjónarkennara. Gert er ráð fyrir tveimur bekkjarkvöldum í hverjum bekk á skólaárinu. Unglingadeildin sér einnig um böll fyrir 6. og 7. bekk nokkrum sinnum á skólaári.

Stjórn nemendafélags

Stjórn nemendafélags er skipuð fulltrúum 10. bekkjar. Deildarstjóri unglingadeildar hefur valið nemendur í nemendaráð og töldu krakkarnir í rýnihópnum að valið væri eftir frammistöðu og ástundun í skólanum. Fjórir fulltrúar eru í nemendaráði, formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari. Fram kom að bekkjarfulltrúar væru kosnir af bekknum, einn fulltrúi úr hverjum bekk. Nemendaráðið hefur umsjón með félagsstarfi í skólanum og starfandi eru þrjár nefndir sem nemendur bjóða sig fram í, árshátíðarnefnd, plötusnúðaráð og sjoppunefnd. Það kom fram í rýnihópnum að það væri óljóst hver gegndi hlutverki gjaldkera í nemendaráðinu. Það kom fram í viðtali við hópinn að einhverjir nemendur hefðu komið á framfæri óánægju við fulltrúa í ráðinu að ekki væri kosið í ráðið.

Stjórn nemendafélags fundar einu sinni í viku með deildarstjóra unglingastigs og kennara félagsstarfsins. Fundirnir eru mislangir og fer það eftir efninu. Dagskrá er ekki send fyrirfram en fundarmenn vita nokkurn veginn hvað á að taka fyrir, fundargerðir eru ritaðar. Nemendaráðið situr fundina en ekki er gert ráð fyrir að bekkjarfulltrúar eða fulltrúar úr nefndum mæti nema að eitthvað sérstakt standi fyrir dyrum, t.d. árshátíð. Skólastjórnendur koma ekki á fundi ráðsins og nemendaráðið fjallar almennt ekki um skólastarf eða faglega þætti. Það kom þó fram að þau væru stundum spurð hvaða viðfangsefni þau vildu í þemaviku og þess háttar. Ráðið hefur skipulagt félagsstarf í skólanum og samstarf hefur verið við félagsmiðstöðina í hverfinu. Settar eru af stað nefndir til að undirbúa árshátíð og þátttöku í Skrekk. Gert er ráð fyrir að stjórn nemendafélags fylgi vinnulagi nemendaráðs. Almennt voru fulltrúar á ráðinu ánægð með hlutverk sitt og starfsemi nemendaráðsins.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Stjórn nemendafélags er skipuð fulltrúum 10. bekkjar. Rétt er að athuga hvort ekki sé ástæða til að nemendur úr yngri árgöngum starfi í nemendaráði og að nemendur sjálfir kjósi fulltrúa.
- Nemendaráð hefur ekki fundað með skólastjórnendum eða fjallað um skólastarf og faglega þætti.
- Festa mætti störf nemendaráðsins betur, skilgreina þarf með skýrari hætti hverjir eru fulltrúar í ráðinu og hverjir eiga að sitja fundi.
- Virkja þyrfti stjórn nemendafélags í skólastarfinu og vinna að auknu nemendalýðræði.

Reglur og agi

Nemendur þekkja skólareglurnar og fara almennt eftir þeim, yngri nemendum finnst þó eins og þær gildi síður fyrir þá eldri, einnig kemur fram að mismunandi sé hversu strangt kennarar fylgja reglum eftir. Í reglunum eru „gamaldags orð“ kemur fram í rýnihópi nemenda.

Skólareglurnar eru birtar í *Handbók Hólabrekkuskóla* sem er afhent nemendum að hausti og er jafnframt skóladagbók þeirra. Í reglunum er tilgreint á jákvæðan hátt hvernig nemendum ber að hegða sér í skólanum. Einnig eru birtar reglur um skólasókn, upplýsingar um punktakerfi, viðurlög sem fylgja slakri mætingu og umbunarkerfi fyrir þá sem mæta vel (sjá fylgiskjal; gátlisti um skólareglur). Skólareglur hafa nýlega verið endurskoðaðar af kennurum.

Í flestum stofum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og vinnufriður og ró var reglan (sjá nánar vettvangsathuganir, fylgiskjal). Það var einnig mat kennara að vinnufriður væri í flestum kennslustundum. Kennarar nefna einnig þá lausn að geta sent nemendur í Vegamót (hegðunarver), höfum losað okkur við þá nemendur sem trufla“. Að mati kennara vilja nemendur vera þar og líður betur en í hópnum.

Kennarar bregðast við óæskilegri hegðun eða broti á skólareglum með því að ræða við nemanda. Við ítrekuð brot ræðir kennari við forráðamenn og leitar jafnframt ráða hjá ráðgjöfum skólans. Næsta skref er að kennari vísar málinu til nemendaverndarráðs og fundar með nemanda, forráðamanni, skólastjóra eða ráðgjafa í skólanum. Skólastjóri vísar málinu til Þjónustumiðstöðvar/fræðslufirvalda, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða (Handbók Hólabrekkuskóla).

Bekkjarreglur eru uppi við í sumum skólastofum en ekki öllum. Að mati nemenda er oftast vinnufriður í tímum en þó er stundum hávaði. Þetta kemur einnig fram í vettvangsathugunum, almennt er ró, en stundum órói og kliður sem kennari tekur yfirleitt á. Hjá nemendum í unglingadeild kemur fram að vinnufriður fari eftir kennurum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendur þekkja almennt skólareglur og virða þær.
- Bekkjarreglur eru uppi við í sumum skólastofum en ekki öllum.
- Oftast er góður vinnufriður og agi í kennslu.

Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2008 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvistir (óheimilar) voru hlutfallslega hæstar í öðrum 10. bekknum. Hlutfallslega er meira um leyfi og veikindi í unglingadeild en í yngri deildum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Helstu niðurstöður foreldrakönnunar vorið 2008 voru þær að rúm 74% foreldranna sögðust vera ánægð með skóla barnanna, þar af sögðust 27% vera mjög ánægð. Ánægja foreldra barna í Hólabrekkuskóla mældist um 68% í fyrstu foreldrakönnuninni árið 2000, en jókst upp í rúm 84% í könnuninni árið 2002. Síðan þá hefur ánægjan minnkað lítillega í hverri könnun, og var eins og áður segir komin í 74% vorið 2008. Meðaltalsánægjan mældist sú sama fyrir árin 2008 og 2006, eða 3,9 af fimm mögulegum. Meðaltalsánægjan í borginni allri fyrir árið 2008 var 4,0 sem jafngildir frekar mikilli ánægju, og Hólabrekkuskóli því rétt fyrir neðan meðaltal í þessari spurningu.

Í könnuninni vorið 2008 svöruðu 90 foreldrar og forráðamenn í Hólabrekkuskóla af 124 í úrtaki, sem er tæp 73% svörun. Svarhlutfallið fyrir alla grunnskólana í borginni var rúmlega 70%. Í Hólabrekkuskóla voru 537 nemendur skólaárið 2007-2008, sem þýðir að svör vegna tæplega 17% nemenda í skólanum er að finna í niðurstöðum könnunarinnar.

Í spurningu um stjórnun skólans segjast tæp 63% vera ánægð með stjórnunina, þar af um 21% mjög ánægð. Meðaltalsánægjan var 3,6 og hafði lækkað úr 3,9 frá árinu 2006. Meðaltalið í borginni allri vorið 2008 var 4,0 og ánægja foreldra í Hólabrekkuskóla með stjórnunina því aðeins undir meðaltali.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara var oftast mikil, eins og reyndar í borginni allri. Í fjórum af sex spurningum um umsjónarkennara barnanna, var meðaltalið í skólanum yfir 4,0. Aðeins í spurningum um upplýsingaflæði frá umsjónarkennara, annarsvegar um barn foreldranna, og hinsvegar um félagsandann í bekknum, var meðaltalið undir 4,0.

Foreldrar mátu líðan barna sinna að meðaltali á þann veg að oftast liði þeim vel í Hólabrekkuskóla, sem jafngildir gildinu 4,0 af fimm mögulegum. Best liði þeim á frístundaheimilinu og í skólanum almennt, en þar voru meðaltölin yfir 4,0. Oftar en ekki voru meðaltölin fyrir skólann lægri en var í borginni allri. Mestur var munurinn Hólabrekkuskóla í óhag í spurningunni um líðan í íþróttatímum.

Ánægja foreldra í Hólabrekkuskóla er meiri með húsnæði og aðbúnað skólans og var oftar en ekki meiri en meðaltalsánægjan með sömu þætti í borginni allri. Þetta á sérstaklega við almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til íþróttaiðkunar og aðstöðu til að matast. Foreldrarnir voru hinsvegar óánægðir með leikaðstöðu á skólalóð en meðaltalið þar var 2,5 og töluvert lægra en almennt í borginni. Sé miðað við meðaltal fyrir foreldrakannanirnar fjórar þar á undan, hafði skólinn tekið stór skref upp á við vorið 2008 í spurningum um aðgang nemenda að tölvum og aðstöðu til að matast.

Hólabrekkuskóli var sjaldan yfir meðaltali í foreldrakönnunni, þó kannski helst í spurningum um húsnæði og aðbúnað, en oft var skólinn við meðaltölin í borginni. Skólinn var þó töluvert undir meðaltali í spurningunni um hæfilegan aga. Einnig í spurningunni um vetrarfrí, en áberandi færri foreldrar barna í skólanum vilja taka vetrarfrí, miðað við borgina alla.

Í opnum svörum komu fram skiptar skoðanir fólks á mörgum málum. Má þar nefna stjórnun skólans, agamál, eineltismál, líðan barna o.fl.

Í rýnihópi foreldra kemur fram áhugi á að virkja foreldra betur í skólastarfinu og að kennarar þyrftu að vera virkari í að styðja við foreldrastarf.

Foreldraráð/skólaráð og foreldrafélag

Foreldraráð hefur fundað með skólastjórnendum einu sinni í mánuði. Skólastjóri veitti ráðinu reglulega upplýsingar um skólastarfið. Kosnir hafa verið fulltrúar foreldra í skólaráð en það hefur ekki komið saman í október þegar mat fer fram.

Foreldrafélagið skilgreinir tilgang félagsins „að vinna að velferð nemenda, m.a. með því að koma á öflugu samstarfi milli skólans og heimila nemenda, og stuðla jafnframt að því að skólinn geti á hverjum tíma fullnægt sem best þeim kröfum sem til hans eru gerðar“. Bekkjarfulltrúar eru valdir í hverjum bekk, en gengur misvel að fá fólk til starfa. Þeir halda utan um samstarf nemenda og foreldra utan skólatíma, það samstarf er að mati rýnihóps afar

mikilvægt. Samstarfið í bekk utan skólatíma er margskonar, s.s. bingó, fara í keilu, klifur eða laser tag.

Slök mæting er á fundi foreldrafélagsins og hefur farið dalandi undanfarin ár, kemur fram í rýnihópi foreldra. Betri mæting hjá yngri nemendum en á unglingastigi er ákveðinn kjarni sem mætir. Skólinn þarf að hvetja foreldra betur til að mæta á fundi til að efla samstarf foreldra og skóla, segja foreldrar í rýnihópi. Foreldrafélagið hefur séð jólafondur og þá er yfirleitt vel mætt.

Ítarlegar kynningar eru haldnar fyrir foreldra í 1. bekk og í 8. bekk. Þá er m.a. stefna skólans kynnt. Annars telur rýnihópur foreldra að foreldrar þekki stefnu skólans og námskrána ekki vel.

Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um hverjir skipa stjórn foreldrafélags, lög félagsins og greinargóðar upplýsingar um starfsemi þess.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í könnun vorið 2008 segjast 74% foreldra barna í Hólabrekkuskóla vera ánægð með skóla barnanna sem er heldur herra en í grunnskólum borgarinnar að meðaltali.
- Meðaltalsánægja foreldra í Hólabrekkuskóla með stjórnunina er aðeins undir meðaltali í borginni.
- Reglulegir fundir hafa verið með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Greinargóðar upplýsingar eru um starfsemi foreldrafélags á heimasíðu skólans.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Foreldrar eiga almennt góð samskipti við stjórnendur og betri nú en áður. Upplýsingamiðlun til foreldra um skólastarfið almennt eru ekki alltaf nógu miklar, sem dæmi er nefnt í rýnihópi að ekki var kynnt hvort það yrði tekið vetrarfrí á skólaárinu. Það kemur fram í skóladagatali að svo er ekki en hefði mátt vekja athygli á þessari breytingu. Jafnframt kemur fram að upplýsingamiðlun hafi batnað á undanförunum árum og þá sérstaklega heimasíðan.

Foreldrar eiga almennt í góðum samskiptum við kennara að mati rýnihóps foreldra, en þó mismunandi eftir kennurum. Ekki koma miklar upplýsingar um líðan barna í skólanum og upplýsingamiðlun milli kennara hvað varðar einstaka nemendur þyrfti að bæta.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á samskiptum við foreldra. Kennarar hafa fastan viðtalstíma einu sinni í viku. Samskipti við foreldra eru í föstum farvegi með námskynningum að haust, foreldraviðtölum tvisvar á ári og svo eru bekkjarkvöld. Að sögn foreldra í rýnihópi fer það eftir kennurum hve mikið samstarf og upplýsingamiðlun er milli kennara og foreldra.

Gefin eru út tvö til þrjú fréttabréf um skólastarfið á hverju skólaári. Fréttabréfin eru viðamikil og litprentuð, þar er fjallað um viðburði í skólastarfi, s.s. sögugerð í 2. bekk, myndmenntaval unglinga, árangur í íþróttamótum, skákmótum og viðburði í félagsstarfi. Fréttabréfinu er dreift til allra heimila.

Að hausti eru haldin námskeið fyrir foreldra í 1. bekk um skólabyrjun, nám og kennsluhætti og foreldrafélagið kynnt. Einnig er haldið námskeið fyrir foreldra 8. bekkina þar sem fjallað er m.a. um skólastarfið í unglingadeild, félagsstarf á vegum ÍTR og foreldrafélagið. Einnig er dreift upplýsingum um þjónustu námsráðgjafa og fjallað um námstækni.

Í vinnustaðagreiningu 2007 eru spurningar sem mæla viðhorf til samvinnu við foreldra nálægt meðaltalsgildi grunnskóla í Reykjavík. Spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ fær gildið 4,34 í Hólabrekkuskóla sem er álíka og mælist í grunnskólum í heild árið 2007 (4,32).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Foreldrar eiga almennt góð samskipti við stjórnendur og kennara og betri nú en áður.
- Upplýsingamiðlun til foreldra um skólastarfið almennt eru ekki alltaf nógu miklar.
- Samstarf og upplýsingamiðlun milli kennara og foreldra er misjöfn eftir kennurum.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Stefna Hólabrekkuskóla um nám og kennslu kemur ekki skýrt fram í þeim gögnum sem skoðuð voru við matið. Í ávarpi skólastjóra í fréttabréfi október 2008 kemur m.a. fram að unnið er að innleiðingu á heildstæðri stefnu skólans undir merkjum *Uppbyggingarstefnu – uppeldi til ábyrgðar*. Leiðarljós sem starfsmenn völdu eftir tveggja daga námskeið í byrjun skólaársins eru virðing, gleði og umhyggja. Í uppbyggingarstefnunni felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta (Fréttabréf Hólabrekkuskóla, okt. 2008, Ávarp skólastjóra).

Í vinnustaðagreiningu 2007 fær spurningin „Hversu vel eða illa telur þú ganga að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda í þínum skóla?“ lægra gildi en meðaltalsgildi úr grunnskólum í heild (3,00 í Hólabrekkuskóla miðað við 3,42 í öllum grunnskólum) og lægra gildi en sama spurning árið 2005. Svo virðist því að kennarar telji sig geta síður einstaklingsbundnum þörfum nemenda nú en áður (3.60 árið 2005).

Í námskrám er ekki fjallað um leiðir í námi en í kennsluáætlunum koma fram áherslur á fjölbreyttar leiðir bæði í yngri deildum og eldri.

Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er í flestum þáttum kominn af stað í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5 (sjá fylgiskjal, matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Regnbogaskipulag er leið skólans til að veita nemendum nám við hæfi hvers og eins. Í 4. bekk og eldri árgöngum blandast nemendur í íslensku og stærðfræði í svokallaða regnbogahópa. Í því felst að árgangnum er skipt eftir getu og/eða vinnufærni í fjóra hópa sem eru misstórir. Markmið þessarar skiptingar er að koma til móts við nemendur og veita þeim nám við hæfi. Í 5. bekk hefur árganginum ekki verið skipt í regnbogahópa og er það að sögn kennara vegna hegðunarferfiðleika og agamála í árganginum.

Í rýnihópi kennara kemur fram að kennsluhættir fari eftir aðstæðum, nemendum, fjölda og rými hvaða áherslur kennarinn velur og kennarar hafa sjálfstæði til að velja eigin leiðir. Kennarar telja að regnbogaskipulagið sé gott „þjónar einmitt þeim vel sem vinna hægar“. Foreldrar í rýnihópi eru einnig jákvæðir gagnvart regnbogahópum „það hentar flestum“ en á yngsta stigi fá þau að halda áfram þar sem þau eru.

Yngsta stig

Í vettvangsathugunum kemur fram að skólastofur á yngsta stigi eru almennt vel útbúnar og verk nemenda prýða vegg. Í 1.-4. bekk hefur hver bekkur sína stofu og kennara. Í vettvangsathugunum eru nemendur almennt að vinna að sama grunnverkefni á sama tíma, en eru þó komin mislangt í bókum, sérstaklega stærðfræðibókum. Borðum er oftast raðað í 3-4 borða raðir þar sem öll borðið snúa að töflunni. Í tveimur tilvikum var borðum raðað í klasa sem bjóða upp á hópvinnu en í flestum tímum sem heimsóttir voru unnu nemendur einstaklingslega. Framan við stofurnar eru björt og rúmgóð svæði fyrir einstaklings- og hópavinnu en aðeins í einu tilviki sem fylgst var með notaði kennarinn það svæði til að skapa fjölbreytni í vinnubrögðum eða dreifa nemendum á kennslusvæði út fyrir skólastofuna.

Svipuð eða sams konar verkefni á veggjum bekkja í sama árgangi benda til þess að kennarar hafi samráð og samvinnu um viðfangsefni nemenda.

Vettvangsnótur vitna um fjölbreytt viðfangsefni á yngsta stigi, gott skipulag, styrka bekkjarstjórnun og jákvæð og hlýleg samskipti nemenda og kennara. Almennt er góður vinnufriður með þeirri undantekningu að nokkur órói og hávaði gat stundum orðið við verkefnaskipti (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir)³. Í flestum stofum voru viðfangsefni dagsins í myndum sýnileg á eða við töfluna en ekki varð vart við að kennarar vísuðu til þessara mynda á meðan á heimsóknnum stóð.

Sérstaka athygli vakti hversu umgengni virtist góð á yngsta stiginu, gljáfægður gólfdukur og yfirleitt vel gengið um í stofum. Á göngum voru ýmis verkefni sem nemendur höfðu unnið, mest tengt náttúrufræði eða samfélagsfræði. Einnig mátti sjá dæmi um leiðbeiningar um gerð hugtakakorta og vinnuferli samvirks lesturs en aðeins sáust dæmi um slík vinnubrögð í einum bekk á þeim tíma sem heimsóknir stóðu yfir.

Miðstigi

Á miðstigi hefur hver bekkur sína stofu og kennara en árgangurinn blandast í íslensku og stærðfræði í regnbogahópum. Það á þó ekki við um 5. bekk þar sem umsjónarkennari sér um íslensku og stærðfræði og bekkirnir þrír blandast ekki. Þar er þó einnig stuðst við regnbogakerfið og kröfur gerðar til nemenda eftir námsgetu. Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir í þeim tímum sem heimsóttir voru, borðin eru ýmist stök eða í röðum. Nemendur eru almennt að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega miðað við það sem fram kemur í vettvangsnótum. Í 7. bekk var hópvinna notuð við ljóðaverkefni.

Nemendur virðast almennt vita til hvers er ætlast af þeim og vinnufriður og ró er einkenna flestar kennslustundir. Samskipti nemenda og kennara eru í flestum tilvikum jákvæð og vinsamleg (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir).

Unglingastig

Í unglingadeild hefur hver kennari sína stofu og fær til sín nemendur, bekkir eða regnbogahópa. Flestar stofurnar eru útbúnar sem sérgreinastofur og bera með sér hvað þar fer fram. Þannig eru plaköt tengd viðkomandi grein á veggjum, verkefni nemenda og námsgögn fyrir nám og kennslu á hverjum stað. Í flestum stofum eru borð stök og snúa að töflu, í einni stofu var borðum raðað saman í eyjar. Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir, nemendur að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega. Í stöku tímum virðast nemendur lítið virkir hlustendur eða skrifa upp glósur eftir kennara. Í flestum tímum sem heimsóttir voru er góður vinnufriður þó á því væru undantekningar (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir). Í rýnihóp nemenda kemur fram að þeim finnst heimanám ekki mikið, en þó misjafnt eftir kennurum og greinum, enda fá þau tækifæri til að vinna heimavinnu í skólanum. Þeim finnst kennsluaðferðir fjölbreyttar en einnig það er misjafnt eftir kennurum „sumir nota bara bækurnar“.

Boðið er upp á valgreinar í 8.-10. bekk, s.s. íþróttir, skák, fatasaum, myndmennt, heimilisfræði, málmsmíði og trésmíði, dans, tölvu- og upplýsingamennt. Nemendur í 8. bekk geta valið 2 stundir á viku, í 9. bekk 4 stundir og 10. bekk 5 stundir. Einnig er boðið er upp á valhópa í Miðbergi í samstarfi við Fellaskóla í kvikmyndagerð, leiklist og listasmiðju.

³ Vert er að taka fram að matið og vettvangsathugun byggir á stuttu innliti í skólastofur og kennslustundir þannig að ekki fæst yfirsýn yfir langtíma verkefni og markmið.

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum og er nemendum raðað í hópa þvert á árganginn upp í 8. bekk en í 9. og 10. eru list- og verkgreinar kenndar í vali.

Stofur fyrir list- og verkgreinar eru dreifðar um skólahúsnæðið þannig að ekki er um að ræða samstarf milli greina. Stofurnar eru rúmgóðar og ríkulega útbúnaðar sýnishornum og verkum nemenda. Í vettvangsheimsókn ríkir vinnusemi og nemendur eru að vinna að ólíkri útfærslu á sama grunnverkefni (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir). Ekki var farið í heimsókn í íþróttatíma.

Skólasafn er staðsett í miðju hússins og í tengslum við það er tölvustofa. Aðstaðan er vistleg og aðlaðandi. Kennarar geta komið á safnið með hópa eða bekk.

Námsmat

Í kennsluáætlunum er fjallað um námsmat, þar kemur fram áhersla á símat og sums staðar einnig sjálfsmat nemenda. Með símati eru framfarir, virkni, vinna, hegðun og heimanám nemenda metin jafnt og þétt allt skólaárið. Nemendur setja sér markmið og stunda sjálfsmat eftir því sem þroski þeirra leyfir. Námið er auk þess varðað prófum/ matsverkefnum sem hjálpa nemendum að átta sig á stöðu sinni og kennurum að meta stöðu einstakra nemenda og bekkja. Prófdagar eru aðeins teknir í lok skólaársins. Skólaárinu er skipt í tvær annir (áður þrjár) og fá nemendur afhent námsmat í viðtali nemanda, foreldra og kennara í lok annar. Munnlegar upplýsingar um nemendur í 1.-4. bekk eru veittar foreldrum á foreldradegi. Skriflegur vitnisburður er afhentur að vori. Skriflegur vitnisburður í 5.-10. bekk er afhentur nemendum í lok hvorrar annar.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er í flestum þáttum kominn áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5.
- Regnbogaskipulag er leið skólans til að veita nemendum nám við hæfi hvers og eins.
- Í kennsluáætlunum kemur fram áhersla á fjölbreyttar leiðir í námi bæði í yngri deildum og eldri.
- Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir í vettvangsathugunum, nemendur eru að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega.
- Í list- og verkgreinum vinna nemendur að ólíkri útfærslu sama grunnverkefnis.
- Skólastofur eru útbúnaðar sem sérgreinastofur í unglingadeild og nemendur fara á milli stofa.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt.
- Fjallað er um námsmat á heimasíðu skólans undir tenglinum námskrár. Þar kemur fram að lögð er áhersla á símat á námi nemenda.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Deildarstjóri sérkennslu er í 80% starfi, hún sér um skipulag sérkennslunnar og fundar einu sinni í mánuði með sérkennurum, þroskajálfum og stuðningsfulltrúum, þá er farið yfir stöðuna og skipulag. Endurskipulag er eftir þörfum ef aðstæður breytast.

Í handbók skólans kemur fram að í skólanum er boðið upp á margs konar aðstoð fyrir nemendur sem á slíku þurfa að halda. Sérkennsla er aðallega veitt í íslensku og stærðfræði og

kennslan fer fram ýmist inni í bekkjum eða utan, í litlum hópum eða einstaklingslega (Skólahandbók Hólabrekkuskóla 2008, s.3).

Að mati rýnihóps um sérkennslu er góður aðgangur að deildarstjóra en mikið álag á henni, en það þyrfti stærra starfshlutfall deildarstjóra sérkennslu ef vel ætti að vera.

Stefna skólans er að hlúa að hverjum og einum eins vel og hægt er, rýnihópur telur að starfsfólki sé ekki almennt meðvitað um stefnu í sérkennslu. Um skóla án aðgreiningar kemur fram að „þessi fagra sýn á skóla fyrir alla er bara draumur“. Afburðabörn og sérkennslubörnin fá ekki það sem þau þurfa, þó það sé reynt eins vel og hægt er að mati hópsins.

Aðstaða og aðbúnaður

Í skólanum eru þrjár sérkennslustofur ein fyrir hvert skólastig og ein laus stofa sem er notuð líka. Þetta eru góðar stofur nema stofa unglingastigs sem er of lítil, illa búin gögnum og illa einangruð, bara skilrúm á milli sem er ekki gott fyrir sérkennslunemendur, kemur fram í rýnihópi um sérkennslu.

Aðgengi fyrir fatlaða er ekki í lagi og ekki hafa verið fjármunir til að laga það, segja sérkennarar. „Það er ekki gert ráð fyrir lyftu hér í skólanum og það er engin aðstaða fyrir fatlaða, hvað varðar snyrtingu og það eru þröskuldar og bara matarlyftan sem er notuð“. Núna er enginn í skólanum sem er í hjólastól.

Aðgengi að tölvum fyrir nemendur í sérkennslu þyrfti að vera betra að mati rýnihóps, „tölvur eru seinvirkar“.

Viðhorf og líðan:

Sumum líður vel í sérkennslunni og öðrum ekki, yngri krakkar vilja komast í kyrrð og í minni hópa. Félagslega erfiðara að vera sér, þau eru sum illa stödd félagslega og vantar félagsfærni. Þetta er hópur sem er að stækka, en þeim er ekkert strítt vegna sérkennslu, að mati rýnihópsins, „en þau lenda oft í útistöðum þessi börn, þau fá stimpil á sig“.

Í regnbogahópum sem ná til íslensku og stærðfræði á mið- og unglingastigi jafngildir slakasti hópurinn sérkennsluhóp og hin vilja ekki vera með þeim hópi að mati rýnihópsins.

Kennurum líður vel og hafa gaman af að takast á við starfið, „það koma sigurdagar en svo eru aðrir dagar erfiðir“, þarf betur að sinna hverjum og einum, en það vantar tíma og mannafla í þetta starf, kemur fram í rýnihópi. Þjónustan er veitt af fullu styrk en það þarf að gera betur og meira að þeirra mati. Kennarar yngri barna eru oft sveigjanlegri gagnvart sérþörfum nemenda, en eftir því sem börnin eldast er erfiðara að „eiga við þau“ og þá spyrja kennarar hvort barnið eigi heima í skólanum.

Viðhorf stjórnenda skólans til sérþarfa nemenda er að mati rýnihóps um sérkennslu að vilja gera líf allra barna í skólanum sem best, en stundum vantar úrræði og fjármuni til að takast á við verkefnið.

Skipulag og úrræði:

Markvisst er leitað að nemendum með sérþarfir, með skimunum og prófum og skoðað hvað á að gera. Nokkrir aðilar koma að því með sérkennurum, eins og sálfræðingur o.fl. „Það er langur vegur þar frá að allir fái sérkennslu sem hana þurfa hér“, kemur fram í rýnihópi.

Skipulagið fer alveg eftir þörfum hverju sinni, sérkennsla á yngsta stigi beinist mest að íslensku og stærðfræði og greiningu á lestrarvanda. Nemendur eru teknir út úr bekk í sérkennslu, lítið er um að sérkennarar fari inn í bekk. Boðið er upp á aðstoð við heimanám fyrir nemendur í 2.-10. bekk. Þroskaþjálfar eru með lausnamiðað úrræði í gangi í samvinnu við kennara.

Upplýsingaflæði - samskipti

Samskipti eru mjög góð hér og er afar gott fólk, segir í rýnihópi um sérkennslu. Kennarar eru almennt í góðu samstarfi við stuðningsfulltrúa, en nokkuð vantar upp á að upplýsingar berist á milli umsjónarkennara og þroskaþjálfra.

Samskipti við foreldra sjá sérkennarar um og tala við foreldra og skrá í dagbók, upplýsingar fara einnig í gegnum umsjónarkennara og í samstarfi við hann og svo er það skráð í dagbók Mentor. Í eldri bekkjunum er rætt beint við foreldra og foreldrasamstarf er mjög gott.

„Okkur vantar meira samstarf við kennarana í skólanum“, samstarfsfundir eru ekki haldnir vegna anna, en nauðsynlegt „að allir vinni saman sem koma að nemendum“. Árgangafundir eru þó reglulega.

Hegðunarver

Vegamót er sambland af námsveri og hegðunarveri fyrir 5.-10. bekk og eru nemendur þar til skemmri eða lengri tíma. Markmiðið er að koma til móts við þá nemendur sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar kennsluáðstæður inni í almennum bekk og almenn sérkennsla nýtist ekki sem skyldi. Markhópurinn er nemendur með náms- og/eða hegðunarerfiðleika.

Nemendur í skammtímaúrræði útskrifast og reynt er að fylgja þeim eftir inn í bekk. Nemendur í langtímaúrræði vinna eftir sérsniðnu námsefni þar sem dregið er úr bóklegu námi ef við á og aukið við verk- og listgreinar og íþróttir.

Hólabrekkuskóli á aðild að úrræði í Keilufelli sem getur tekið við nemendum frá Vegamótum. Það er þó tímabundið úrræði. Fleiri úrræða er þörf á vegum borgarinnar sem tekið gætu við nemendum sem brotið hafa brýr að baki sér í heimaskóla.

Ráðgjöf - Þjónustumiðstöð

Rýnihópur segist fá ráðgjöf innan skólans og geta líka leitað til þjónustumiðstöðvarinnar. Handleiðsla er veitt ef með þarf og þroskaþjálfar veita líka ráðgjöf innan skólans.

Lausnateymi/ráðgjafarteymi er starfandi við skólann. Markmið þess er að finna leiðir og lausnir með starfsmönnum sem stuðla að öryggi og vellíðan barna með sérþarfir.

Nemendaverndarráð fundar reglulega.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skimanir eru markvisst lagðar fyrir nemendur með sérþarfir, en ekki er ljóst að hve miklu leyti sérkennsla byggir á þeim.
- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur sérkennsluna og starf þeirra sem að henni koma.
- Sérkennsla fer að mestu fram utan bekkjar.
- Vantar meira samstarf milli sérkennslu og kennaranna í skólanum
- Vegamót tekur við nemendum með náms- og/eða hegðunarerfiðleika til lengri eða skemmri tíma.

- Lausnateymi/ráðgjafarteymi er starfandi við skólann.
- Fleiri úrræða er þörf á vegum borgarinnar sem tekið gætu við nemendum sem brotið hafa brýr að baki sér í heimaskóla.

Skólaþróun og mat

Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið unnin fyrir Hólabrekkuskóla og litlar upplýsingar liggja fyrir um hvernig unnið hefur verið að sjálfsmati í skólanum. Í hefti um mat eru talin upp matstæki kennara, matstæki nemenda og matstæki foreldra ásamt yfirliti yfir breytingar og framkvæmdir skólaárið 2008-2009 sem kynnt var á starfsmannafundi í október 2008.

Helstu áherslur í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2008-2009 eru settar fram undir fimm áhersluþáttum í starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar og tilgreind viðbrögð og aðgerðir, ábyrgð, tímaáætlun og mælikvarði á árangur hverrar aðgerðar.

1. Undir nám við hæfi hvers og eins – markviss samvinna nemenda, eru aðgerðir: Regnbogi, almenn sérkennsla, Vegamót, Læsi til skilnings, aukinn stuðningur við nemendur, verkefnisstjóri.
2. Undir skóli án aðgreiningar – jöfn tækifæri til náms eru aðgerðir: Regnbogi, almenn sérkennsla, Vegamót, hljóðkerfi í skólastofur, fartölvur fyrir nemendur, aukinn stuðningur við nemendur, verkefnisstjóri, Logos greiningartæki.
3. Undir jákvæð sjálfsmynd – góð andleg og líkamleg líðan er tilgreint: Uppeldi til ábyrgðar, Lífsleikni/fagstjóri, Hólabrekkuskóli á hreyfingu, ART/félagsfærni, ráðgjöf/lausnarteymi, samskiptateymi, áhersla á vináttu og samskipti
4. Undir náin tengsl skóla og grenndarsamfélags: Mentor, foreldrakynningar/námskeið, verkefnisstjóri, ráðgjöf, þverfaglegt samstarf við ÞB og aðrar tengslastofnanir, samstarf við leikskóla, framhaldsskóla, Miðberg, Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts.
5. Undir sjálfstæði skóla – gæði og fagmennska: Rafræn starfsmannahandbók, smarttöflur með skjávarpa, prentarar, hátalarar/hljómflutningstæki, nýr búnaður vegna sérúrræða, endurnýjun og nýr búnaður á skólasafn, námsgögn/kennslubækur aðgengilegri, fartölvur fyrir nemendur.

Alls eru tilgreind í umbótaáætlun rúmlega 30 verkefni, smærri og stærri sem vinna á að skólaárinu. Ekki kemur fram hvort val umbótaverkefna byggir á mati eða greiningu á stöðu. Þörf er á að forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og meta einnig hvort um raunveruleg umbótaverkefni er að ræða eða fasta liði í skólastarfi. Einnig þarf að skilgreina mælikvarða skýrar til að hægt sé að meta hvort tilætlaður árangur hefur náðst að verkefni loknu.

Á heimasíðu eru skýrslur um þróunarverkefni sem unnið hefur verið að í skólanum; *Læsi til skilnings*, skýrsla frá árinu 2003-2004 ásamt niðurstöðum lesskilningsprófa undanfarin ár; *Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir*, skýrsla frá 2004-2005 skrifuð eftir námskeið sem haldið var í skólanum það ár, á þessu starfi virðist regnbogaskipulagið byggt. Þróunarverkefnin virðast þannig hafa fest sig í sessi í skólastarfinu.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Þróunarverkefnin *Læsi til skilnings* og *Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir* virðast hafa fest sig í sessi í skólastarfinu.
- Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið unnin fyrir Hólabrekkuskóla og litlar upplýsingar liggja fyrir um hvernig unnið hefur verið að sjálfsmati í skólanum.

- Helstu áherslur í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2006-2007 eru settar fram undir fimm áherslupáttum í starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar og tilgreind viðbrögð og aðgerðir, ábyrgð, tímaáætlun og mælikvarði á árangur hverrar aðgerðar.
- Þörf er á að forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og skilgreina þarf mælikvarða skýrar til að hægt sé að meta hvort tilætlaður árangur hefur náðst.

Virk upplýsingamiðlun

Heimasíða

Heimasíða Hólabrekkuskóla er nokkurra ára gömul og stendur til að ný síða verði tekin í notkun við fyrsta tækifæri. Eins og staðan er í dag eru upplýsingar á síðunni mjög takmarkaðar. Fréttir eru ekki uppfærðar reglulega en mikilvægar tilkynningar eru á forsíðunni og einnig er hægt að finna tengil sem vísar í tilkynningar.

Á forsíðu heimasíðu Hólabrekkuskóla eru nokkrar myndir af nemendum skólans, sem vekja strax athygli. Til vinstri má finna ýmsa tengla með upplýsingum um skólann, nemendur og starfsfólk og til hægri má finna ýmsa tengla með upplýsingum í pdf-skjölum. Námskrár árganga eftir greinum eru aðgengilegar á síðunni og undir almennum hluta eru hagnýtar upplýsingar þær sömu og er að finna í handbók. Á sama stað eru upplýsingar um námsmat eftir árgöngum og skipurit skólans (sjá fylgiskjal, gátlisti um skólanámskrá).

Greinargóðar upplýsingar eru foreldrafélagið og starfsemi þess.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Heimasíða skólans er í endurskoðun og áætlað að ný síða verði tekin í notkun fljótlega
- Fréttir virðast ekki færðar inn reglulega, en fréttabréf skólans er í tengli á forsíðu.
- Ekki fundust upplýsingar um móttöku og kennslu nýbúa né upplýsingar á öðrum tungumálum.
- Ekki eru upplýsingar um sjálfsmat eða umbótaáætlun á heimasíðunni.

Skólanámskrá og starfsáætlun

Skólanámskráin skiptist í Handbók/Skólahandbók, námskrár bekkja og starfsmannahandbók. Í Handbók sem jafnframt er skóladagbók nemenda, er að finna kafla um námstækni, almennar upplýsingar um skólann, stjórnun og skrifstofu, heimasíðuna, skólasafnið, skólamötuneytið og heilsugæslu. Kaflir eru um skólareglur og viðbrögð við brotum á þeim ásamt upplýsingum um punktakerfi vegna skólasóknar. Skóladagatal er einnig birt. Í námskrám bekkja eru birt markmið einstakra námsgreina eftir árgögnum, viðfangsefni, bækur og gögn. Ekki eru upplýsingar um námsleiðir eða kennsluhætti og upplýsingar um námsmat eru aðeins í námskrám í 8.-10. bekk, heimilisfræði og sundi.

Á heimasíðu eru birtar námskrár nemenda ásamt almennum hluta sem er það efni sem er í Handbók. Stefna og/eða sérstaða skólans kemur ekki skýrt fram hvorki á heimasíðu né í þeim gögnum sem skilað er í skólanámskrá. Í fréttabréfi kemur fram að skólinn er nú haustið 2008 að hefja innleiðingu uppbyggingarstefnu, hugmyndafræði sem í felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta (Fréttabréf Hólabrekkuskóla, okt. 2008, Ávarp skólastjóra.) Leiðarljós skólans í þessu starfi eru: Virðing, gleði og umhyggja.

Auk stefnumótunar vantar að fjalla um allnokkra þætti í skólanámskrá og starfsáætlun Hólabrekkuskóla sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.

Þættir sem ekki koma fram eru:

- upplýsingar um skólaráð og hlutverk þess
 - skipulag kennslu og kennsluhætti
 - hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
 - móttökuáætlun fyrir innflytjendur
 - jafnréttisáætlun
 - verklagsreglur um slysavarnir
 - tengsl við önnur skólastig, atvinnulífið
- (sjá nánar fylgiskjal, gátlisti um skólanámskrá).

Námskrár fyrir árganga og greinar

Í námskrám og kennsluáætlunum eru upplýsingar um hverja námsgrein þar sem kemur fram hver eru markmiðin sem unnið er að, stundafjöldi á viku, viðfangsefni, bækur og gögn fyrir hverja grein og fyrir hvern árgang í 1.-7. bekk og eftir greinum í 8.-10. bekk. Í 8.-10. bekk er einnig fjallað um námsmat. Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir önnina og skipt upp í tímabil, oftast viku í senn. Þar er fjallað um námsefni, inntak, kennsluhætti, heimanám og námsmat. Námskrár og kennsluáætlanir fylgja að því er best verður séð Aðalnámskrá í öllum meginatriðum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Stefna skólans í námi og kennslu kemur ekki skýrt fram í gögnum.
- Auk stefnumótunar vantar að fjalla um allnokkra þætti í skólanámskrá og starfsáætlun Hólabrekkuskóla sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram:
 - upplýsingar um skólaráð og hlutverk þess
 - skipulag kennslu og kennsluhætti
 - hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
 - móttökuáætlun fyrir innflytjendur
 - jafnréttisáætlun
 - verklagsreglur um slysavarnir
 - tengsl við önnur skólastig, atvinnulífið
- Gefnar eru út námskrár og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Í Hólabrekkuskóla er lögð áhersla á að draga úr myndun úrgangs með flokkun sorps og lögð áhersla á endurnýtingu og endurvinnslu.

Verkefnið Hólabrekkuskóli á hreyfingu miðar að því að stuðla að bættri heilsu nemenda og starfsfólks skólans. Myndað hefur verið heilsuteymi fólks úr skólasamfélaginu sem hefur áhuga á almennri lýðheilsu. Það sem hefur verið gert er m.a. að ganga á Esjuna, setja á leikfimitíma fyrir starfsfólk, þátttaka í Norræna skólahlaupinu og áttakinu Göngum í skólann, Farið var af stað með heilsuviku í nóvember og fenginn fyrirlestur um beinvernd.

Ánægja foreldra í Hólabrekkuskóla er meiri með húsnæði og aðbúnað skólans en almennt í borginni allri. Þetta á sérstaklega við almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til íþróttaiðkunar og aðstöðu til að matast. Foreldrnir voru hinsvegar óánægðir með leikaðstöðu á skólalóð en meðaltalið þar var töluvert lægra en almennt í borginni.

Nemendum finnst þau örugg í skólanum og á lóðinni, kemur fram í rýnihópi þeirra.

Skipuð hefur verið nefnd innan skólans til að vinna að áhættumati Hólabrekkuskóla. Notaður er vinnuumhverfisvísir Vinnueftirlitsins. Í fyrstu yfirferð nefndarinnar komu upp ýmsar spurningar og álitamál sem gefa tilefni til frekari skoðunar.

Í vinnuumhverfisvísi 2008 kemur m.a. fram að:

- Kerfisbundið öryggis- og heilbrigðisstarf er ekki fyrir hendi í skólanum, ekki hefur verið gert áhættumat eða áætlun um forvarnir.
- Skráning slysa og greining slysaheytu er ekki samkvæmt leiðbeiningum.
- Fræðslu um vinnuvernd er áfátt.
- Vinnurými eru ekki alls staðar í samræmi við reglugerð.
- Ljósritunarvélar, prentarar og móðurtölvur eru ekki í sérstöku rými.
- Hita- og rakastig, almenna loftræstingu og loftræstingu í kennslustofum þarf að skoða.
- Geymslu og merkingu varasamra efna er ábótavant.
- Almenna lýsingu þarf að skoða.
- Vinnuaðstöðu við verkstöðvar þarf að athuga betur.
- Félagslegum og andlegum aðbúnaði telst vera í lagi.
- Móttaka á vörum telst ekki í lagi.
- Rýmingar- og neyðaráætlun liggur ekki fyrir.
- Í starfsmannaráými eru snyrtingar ekki fullnægjandi, né búningaþastaða fyrir starfsmenn.
- Öryggis- og hlífðarbúnað véla í smíða- og verkmenntastofum þarf að skoða, svo og sérstaka loftræstingu og afsog.

Ekki kemur fram að hve miklu leyti hefur þegar verið brugðist við með aðgerðum, en fram kemur að áætlað er að uppfæra og endurnýja rýmingaráætlun skólans á næsta fundi nefndarinnar í desember.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í Hólabrekkuskóla er lögð áhersla á flokkun sorps, endurnýtingu og endurvinnslu.
- Verkefnið Hólabrekkuskóli á hreyfingu miðar að því að stuðla að bættri heilsu nemenda og starfsfólks skólans.
- Ánægja foreldra í Hólabrekkuskóla er meiri með húsnæði og aðbúnað skólans en almennt í borginni allri.
- Nemendum finnst þau örugg í skólanum og á lóðinni, kemur fram í rýnihópi þeirra.
- Skipuð hefur verið nefnd innan skólans til að vinna að áhættumati Hólabrekkuskóla, skv. Fyrsta mati þarf að skoða marga öryggisþætti.
- Neyðaráætlun og rýmingaráætlun þarfnast endurskoðunar.

Mannauður

Starfsmenn og líðan

Alls starfa 78 starfsmenn í Hólabrekkuskóla haustið 2008. Vinnustaðagreining fyrir grunnskóla Reykjavíkur árið 2007 sýndi að starfsfólk skólans er á heildina litið nokkuð ánægt í starfi sínu, sú fullyrðing mælist 3.88 (á starfhæfu bili)⁴ sem er aðeins lægra en meðaltal grunnskóla í Reykjavík (4.03). Starfsánægja og afstaða gagnvart vinnuveitanda og starfsvettvangi mældist töluvert lægri en að meðaltali í Reykjavík og niðurstöður mælinga í skólanum lækkuðu mikið á milli árána 2005 og 2007. Svarhlutfall í greiningunni var 69% sem var nokkuð lægra en heildarsvarmeðaltalið (77%). Í viðhorfakönnun sem framkvæmd var fyrir allt Menntasvið vorið 2008 fær skólinn lægra gildi við fullyrðingunni „Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi mínu“ en heildarmeðaltal Menntasviðs (3,73 í Hólabrekkuskóla miðað við 3,92 sem er heildarmeðaltal MSR). Svarhlutfall skólans í viðhorfakönnuninni 2008 var töluvert lægra en í vinnustaðagreiningunni eða 56%.

Starfsmannavelta var 34% í Hólabrekkuskóla milli árána 2007 og 2008 sem er mun meira en að meðaltali í Reykjavík (sjá nánar í fylgiskjali 1, Hólabrekkuskóli og skólaumhverfi).

Af tíu mestu frávikum Hólabrekkuskóla frá grunnskólum í heild mælast allar fullyrðingar neikvæðari en almennt í grunnskólum borgarinnar:

- Mínum vinnustað er vel stjórnað.
- Reykjavíkurborg hefur skýra framtíðarsýn í menntamálum.
- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með minn vinnustað/skóla sem vinnuveitanda.
- Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika finnst þér þú hafa í starfi þínu þegar á heildina litið?
- Ég hafði tækifæri til að læra og þróast í starfi á sl. 12 mánuðum.
- Hversu vel eða illa telur þú ganga að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda í þínum skóla?
- Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að skipta um starfsvettvang?
- Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir reyna að skipta um vinnustað á næstu 12 mánuðum?
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera útrunnin(n) eða stressaður (uð) í lok vinnudags sl. þrjá mánuði?
- Ég fæ fullnægjandi upplýsingar um mikilvæga atburði og breytingar innan míns vinnustaðar/skóla.

Í vinnustaðagreiningunni 2007 voru helstu breytingar allar neikvæðar frá mælingunni 2005.

Svör við fullyrðingunni „Mér finnst góður starfsandi ríkja á mínum vinnustað“ mælast aðeins lægri í viðhorfakönnuninni 2008 en almennt á MSR (3,93 í Hólabrekkuskóla miðað við 4,10 heildarmeðaltal MSR). 7% í starfsmanna töldu sig lagða í einelti á vinnustaðnum í vinnustaðagreiningunni 2007 en 2.4% í viðhorfakönnuninni 2008.

Í rýnihópum bar starfsfólki saman um að starfsandinn á vinnustaðnum væri góður, hópurnir væri samheldinn og samskiptin góð. Nýir kennarar í rýnihópunum sem byrjuðu í haust voru

⁴ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

sérstaklega ánægðir með fyrstu mánuðina í starfinu og töldu sig hafa fengið góðar móttökur og hafa stuðning stjórnenda.

Samstarf

Fundir í Hólabrekkuskóla fylgja reglubundnu mynstri, einusinni í mánuði á föstum tíma starfsmannafundur, síðan kennarafundur og stigsfundir á hverju stigi, fjórða vikan er fyrir tilfallandi fundi. Árgangafundir eru einu sinni í viku.

Í viðhorfakönnuninni 2008 fær fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 4,02 sem er nálægt meðaltalsgildi MSR (4,10). Í vinnustaðagreiningunni 2007 mældust fullyrðingar er mæla viðhorf til liðsheildar og samvinnu aðeins lægri eða svipuð og meðaltal annarra grunnskóla í borginni. Við fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild“ fær skólinn nokkuð hærra gildi en grunnskólar almennt (3,85 miðað við heildarmeðtal 3,61) en fullyrðingar um þverfaglega samvinnu og hversu vel vinnufélagar leggja sig fram við að skila vel unnu starfi fá hinsvegar aðeins lægra gildi en grunnskólar almennt⁵.

Í rýnihópum lýstu starfsmenn góðu samstarfi og stuðningi, fólk væri alltaf tilbúið að veita hvort öðru hjálparhönd. Það kom fram að samstarf stuðningsfulltrúa og kennara væri gott. Kennarar segjast vera ánægðir að njóta traust stjórnenda og hafa mikið frelsi í að útfæra kennsluaðferðir. Kennarar töluðu þó einnig um að samráð væri takmarkað og nefndu það t.d. í sambandi við val á því agakerfi sem taka á upp. Það kom fram að fundir mættu vera markvissari, t.d. með því að senda fyrirfram dagskrá og hafa fundarstjórn. Starfsmenn gerðu alltaf ráð fyrir því að það væri fundur en vissu það svo oft ekki fyrir en mjög seint hvort af honum yrði.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsfólk er almennt ánægt í Hólabrekkuskóla og góður starfsandi virðist vera á vinnustaðnum.
- Nýir starfsmenn fengu góðar móttökur í haust.
- Samráð stjórnenda við starfsfólk er sagt vera takmarkað.
- Nýta má starfsmannafundi betur og gera þá markvissari.

Samstarf við foreldra

Í vinnustaðagreiningu 2007 fær spurningin „Þegar á heildina er lítið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ gildið 4,34 sem er mjög nálægt meðaltalsgildi grunnskóla (4,32). Í viðhorfakönnun 2008 kemur þó fram að fleiri starfsmenn Hólabrekkuskóla telja sig verða fyrir áreitni/einelti frá nemendum og foreldrum en almennt á MSR (40,5% svarenda í Hólabrekkuskóla telja sig hafa orðið fyrir áreitni miðað við meðaltalshlutfallið 30,5%). Hlutfall þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá nemendum/foreldrum á síðustu 12 mánuðum er einnig töluvert hærra í Hólabrekkuskóla (9,5) en meðaltalshlutfall MSR (3,9%).

Þegar samstarf og samskipti við foreldra voru rædd í rýnihópum kom það ekki fram sérstaklega að áreitni og einelti frá nemendum og foreldrum væri vandi í skólanum. Starfsfólk lýsti almennt ágætu samstarfi við foreldra, það var bæði nefnt að það væri mjög gott en einnig

⁵ Hversu góð eða slæm er þverfagleg samvinna, þ.e. samvinna milli starfsfólks í ólíkum störfum með ólíka menntun, á þínum vinnustað? fékk gildið 3,50 í Hólabrekkuskóla en 3,62 í grunnskólum í heild. Fullyrðingin „Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu starfi“ fær gildið 4,06 (heildarmeðaltalsgildi 4,13).

að það væri stundum neikvætt. Nýir kennarar voru ánægðir með að boðið hafi verið upp á stuðning í foreldraviðtölum. Nefnt var að samskipti við foreldra væru jákvæðari eftir að kennarar fóru að nota Mentor meira en hinsvegar kom fram að fleiri mættu vera duglegir við það. Þá var nefnt að þátttaka foreldra mætti vera meiri, t.d. á foreldrafundum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Töluvert herra hlutfall starfsmanna í Hólabrekkuskóla svaraði því í könnun fyrir á þessu ári að þeir yrðu fyrir áreitni og einelti frá nemendum og foreldrum en almennt á MSR
- Samskipti kennara við foreldra virðast almennt ganga vel.

Aðbúnaður:

Í viðhorfakönnuninni vorið 2008 mælist fullyrðingin „Ég hef aðgang að þeim tækjum og gögnum sem til þarf“ með gildið 3,55 miðað við heildarmeðaltal MSR sem er 3,74. 16,7% svarenda sögðust vera ósammála þessari fullyrðingu.

Í rýnihópum hafði starfsfólk ýmislegt við aðbúnað að athuga. Í sérkennsluhópnum kom fram að sérkennslustofan fyrir unglingastig væri of lítil, illa einangruð og illa búin gögnum. Tölvurnar í sérkennslustofunum eru einnig seinvirkar og meira og minna bilaðar. Einnig var talað um að aðstaðan í matsal væri ekki nægilega góð. Rætt var um uppsetningu á töflum, að bæta þyrfti vinnuáðstöðu kennara sem er of dreifð og að ekki væri hægt að hringja í foreldra úr skólastofum. Einnig kom fram að það gengi illa að fá hlutina í lag, t.d. prentara og slíkt.

Í stofum á unglingastigi er víðast búið að setja upp smarttöflur en við vettvangsathugun voru þær ekki í notkun.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Athuga þarf hvort hægt er að bæta aðbúnað á vinnustaðnum þar sem er ábótavant.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll starfsmanna á vorönn 2008. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁶ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í 22 kennslustundir á önninni⁷, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 4 kennsludaga á vorönn 2008.

Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi í 55 stundir á vorönn 2008, undir fjarvistir falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að aðrir starfsmenn en kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi tæpa 7 vinnudaga á vorönn 2008.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.

⁶ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁷ Vetrarorlof og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

Símenntun og starfsþróun

Sameiginleg símenntun í Hólabrekkuskóla skólaárið 2008-2009 felst í innleiðingu og þátttöku í námskeiði um *Uppbyggingarstefnuna – uppeldi til ábyrgðar*. Námskeiðið er fyrir alla starfsmenn og hófst í ágúst 2008. Aðrar áherslur í símenntun eru tilgreindar: Hólabrekkuskóli á hreyfingu - heilsuefning, Læsi til skilnings, Olweusaráætlun og ýmis námskeið og ráðstefnur. Athuga þarf að hve miklu leyti um er að ræða faglega símenntun eða önnur verkefni.

Þær fullyrðingar í vinnustaðagreiningunni 2007 sem greina viðhorf til starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu mælast með töluvert lægra gildi í Hólabrekkuskóla en í grunnskólum almennt.

Fullyrðingin „Yfirmaður minn eða vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi“ fær gildið 3,59 (3,76 í grunnskólum almennt). Einnig fær fullyrðingin „Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi“ gildið 3,46 (3,58 í öllum grunnskólum). Í viðhorfakönnuninni vorið 2008 fær skólinn gildið 3,69 við fullyrðingunni „Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum“ (4,02 var heildarmeðaltalsgildið fyrir MSR). Í báðum könnunum 2007 og 2008 mælast viðhorf til þess hversu vel þjálfun og fræðsla hefur nýst í starfi töluvert lægri en heildarmeðatal grunnskóla/MSR. Í könnuninni 2008 er það raunar svo að Hólabrekkuskóli hefur lægsta gildi allra vinnustaða MSR við tveimur spurningum af þremur er mæla viðhorf til þjálfunar og fræðslu. Spurningin „Sú þjálfun og fræðsla sem ég hef fengið nýtist vel í starfi“ fær gildið 3,31 samanborið við heildarmeðtal MSR sem er 3,91 og spurningin „Ég tel að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma“ fær gildið 2,48 (3,08 er heildarmeðaltal MSR). Í viðhorfakönnuninni 2008 höfðu 61% þeirra sem svöruðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum.

Símenntun var rædd í einum rýnihópi kennara og mismunandi sjónarmið komu fram. Kennurunum í hópnum fannst símenntunin sem skipulögð er fyrir alla helst til of almenn þannig að hluti hennar væri lítið nýtanlegur í starfinu, t.d. fyrir íþróttakennara, en það kom einnig fram ánægja með sameiginlega símenntun. Kennurunum virtist ekki alveg ljóst hver skylda þeirra væri að taka þátt í sameiginlegri símenntun þegar þeir væru búnir að fylla símenntunartímabíldann fyrir árið. Einnig virtist vera misræmi í því hvort allir kennararnir sætu sameiginlega símenntunartíma. Það kom fram í hópnum að kennararnir vildu fá meira val um símenntun og að best væri að gerð væri símenntunaráætlun fyrir hvern og einn, t.d. í starfsmannasamtali. Starfsmenn sem rætt var við höfðu farið í starfsmannasamtal, sumir töldu það ekki hafa verið sérlega gagnlegt, þó aðrir hefðu lýst því að orðið hafði verið við þeim óskum sem settar höfðu verið fram í samtalinu. Í rýnihópi almennra starfsmanna kom fram að markmið hefðu verið sett í starfsmannasamtölum og voru samtölin talin hafa skilað árangri.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Viðhorfakönnun 2008 sýnir að viðhorf starfsmanna í Hólabrekkuskóla eru mun neikvæðari gagnvart símenntun en almennt á MSR.
- Viðhorf gagnvart sameiginlegri símenntun í skólanum eru bæði jákvæð og neikvæð.
- Símenntun fyrir einstaka starfsmenn virðist ekki vera markvisst skilgreind.

Stjórnun og skipulag

Skólastóri og aðstoðarskólastjóri vinna saman að stjórnun skólans og hafa með sér mikið samráð í flestum málum. Tveir millistjórnendur starfa við skólann; deildarstjóri fyrir

unglingastig og deildarstjóri sérkennslu í 80% starfi. Stjórnendateymi, þ.e. deildarstjórar og skólastjórar funda vikulega og þar sem aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sérkennslu eru tóku við þessum stjórnunarstörfum nú í haust hefur mikill tími teymisins farið í að móta samstarfið og skipta með sér verkum.

Nú liggur fyrir ábyrgðartafla stjórnenda skólaárið 2008-2009 þar sem upp eru talin viðfangsefni hvers stjórnanda. Skólastjóri er m.a. með fjármál, ráðningarmál og umsjón með skólamannvirkjum, samstarf við skólaráð. Aðstoðarskólastjóri sér m.a. um foreldrasamstarf í 1.-7. bekk, skráningu í Mentor og námsgögn.

Samskipti í stjórnunarteymi eru góð og ríkir traust og gagnkvæm virðing á milli stjórnenda að þeirra sögn.

Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast tæp 63% foreldra vera ánægð með stjórnunina í Hólabrekkuskóla, þar af um 21% mjög ánægð. Meðaltalsánægjan var 3,6 og hafði lækkað úr 3,9 frá árinu 2006. Meðaltalið í borginni allri vorið 2008 var 4,0 og ánægja foreldra í Hólabrekkuskóla með stjórnunina því aðeins undir meðaltali. Samskipti við stjórnendur eru almennt góð að mati rýnihóps foreldra og betri nú en áður.

Í viðhorfakönnuninni 2008 fær fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ töluvert lægra gildi í Hólabrekkuskóla en almennt á MSR (2,95 miðað við 3,73 sem er heildarmeðaltalsgildi). Traust til næsta yfirmanns mælist nokkuð lægra (gildið 3,86 miðað við heildarmeðaltalsgildið 4,22) og á svipaðan hátt mælist gildi þess hve starfsfólk er ánægt með samskiptin við næsta yfirmann einnig lægra (3,90 miðað við heildarmeðaltalið 4,18). Fullyrðingin „Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla“ fær gildið 3,70 í vinnustaðagreiningunni 2007 sem er aðeins lægra en í grunnskólum almennt (3,87 er meðaltalsgildi allra grunnskóla).

Fullyrðingar er lúta að hrósi og hvatningu eru á aðgerðabíli í könnunni 2008 og fá aðeins lægra gildi en heildarmeðaltal MSR. Fullyrðingin „Ég fæ iðulega hvatningu frá næsta yfirmanni mínum“ fékk gildið 3,33 (3,58 heildarmeðaltal MSR) og „Mér er hrósað af mínum næsta yfirmanni þegar ég stend mig vel“ fékk gildið 3,48 (3,69 heildarmeðaltal MSR). Fullyrðingin „Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar“ fær gildið 3,64 (3,88 heildarmeðaltal MSR). Fullyrðingin „Upplýsingastreymi til starfsmanna á mínum vinnustað er gott“ mælist á aðgerðabíli með lágt gildi 2,69 sem er umtalsvert lægra en heildarmeðaltal MSR (3,50).

Í rýnihópum kom fram að starfsfólk var almennt nokkuð ánægt með samstarf og samskipti við stjórnendur. Það kom fram að gott aðgengi væri að stjórnendum, þeir væru sýnilegir í skólastarfinu og heimsæktu kennslustundir (þetta virtist þó vera misjafnt). Kennarar sögðu stjórnendur vera duglega að hrósa, nýju kennararnir í hópnum lýstu sérstaklega yfir mikilli ánægju með viðmót og stuðning stjórnenda. Skólaliðar sögðu gott að ræða við yfirmenn. Þrátt fyrir það voru einhverjir sem nefndu að stjórnun sem einn af veikleikum skólans og var það helst vegna þess að skipulagi væri áfátt.

Það kom fram að upplýsingaflæði til starfsmanna væri ekki nægilegt; það vantaði lengri fyrirvara ef eitthvað væri um að vera. Kennarar sögðu kennslustundir stundum truflaðar án þess að látið hefði verið vita fyrirfram. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að starfsfólkið taldi sig ekki nægilega vel upplýst um það sem væri að gerast í skólanum annað en það sem væri beint á starfssviði viðkomandi. Það var rætt um að gott yrði að bætt yrði úr þessu þannig að

öllum væri ljóst að starfsmenn væru ein heild að vinna að sama marki. Það kom einnig fram að tölvusamskipti mættu vera meiri en það gengi illa að virkja alla starfsmenn hvað það varðaði þar sem starfsmenn væru misduglegir að nota tölvupóstinn.

Stefna og áherslur Hólabrekkuskóla þyrftu að vera aðgengilegri og settar skýrar fram. Stefnumótun skólans birtist hvorki á heimasíðu né í handbók skólans. Í þeim gögnum sem skilað var fyrir matið kemur fram að unnið verður að stefnumörkun samhliða innleiðingu *Uppbyggingarstefnu – uppeldi til ábyrgðar* og starfsmenn hafa valið sem leiðarljós einkunnarorðin: virðing, gleði og umhyggja.

Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi sett sér nokkuð skýr markmið fyrir skólaárið. Í vinnustaðagreiningu árið 2007 fékk spurningin „Hversu skýr eða óskýr markmið hefur þinn vinnustaður/skóli sett sér fyrir þetta skólaár?“ gildið 3.72 sem er nálægt meðaltalsgildi allra grunnskóla við þessari spurningu (3,76). Aftur á móti telja starfsmenn Hólabrekkuskóla framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í menntamálum ekki skýra og síður en starfsmenn í grunnskólum borgarinnar í heild (fullyrðing þess efnis fékk gildið 2,73 í Hólabrekkuskóla sem er nokkuð lægra en meðaltalsgildið sem var 3,18 í öllum grunnskólum).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast tæp 63% foreldra vera ánægð með stjórnunina í Hólabrekkuskóla.
- Viðhorfakönnun 2008 mælir viðhorf starfsmanna gagnvart stjórnun í skólunum neikvæðari en almennt á MSR.
- Í rýnihópum kemur fram að starfsmenn eru nokkuð ánægðir með samstarf og samskipti við stjórnendur. Stjórnendur eru sýnilegir og gott aðgengi að þeim.
- Nýir kennarar eru mjög ánægðir með móttökur í haust og segja viðmót og stuðning stjórnenda sérstaklega góðan.
- Skipulag og upplýsingaflæði í skólanum er ekki í nógu góðum farvegi.
- Stefna og áherslur Hólabrekkuskóla þyrftu að vera aðgengilegri og settar skýrar fram.
- Stefnumótun skólans birtist hvorki á heimasíðu né í handbók skólans.
- Stefna þarf að því að starfsmenn myndi eina heild sem vinnur að sama marki.
- Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi sett sér nokkuð skýr markmið fyrir skólaárið, skv. vinnustaðagreiningu árið 2007.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2008 er markmiðið í viddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Hólabrekkuskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2008 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Hólabrekkuskóla fyrir árið 2007 voru að upphæð 432.045 þús. kr. Þar með er talin úthlutun til lausafjárkaupa, sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 432.289 þús. kr.

Hólabrekkuskóli er einn þeirra skóla sem fengu viðbótarúthlutun fjármagns haustið 2008 vegna félagslega erfiðra aðstæðna í skólahverfinu.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar: Nemendum líður almennt vel í skólanum. Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann og starfsfólk er almennt ánægt á vinnustaðnum.

Veikleikar: Stefna skólans er ekki skýrt sett fram og upplýsingaflæði er ekki í nógu góðum farvegi. Árangur nemenda í lestri í 2. bekk er marktækt lakari en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Slakur árangur er í öllum þáttum Pisa 2006.

Ögranir: Starfsmannavelta hefur verið mikil frá síðasta ári. Félagslega erfiðar aðstæður nemenda í hverfinu.

Tækifæri: Ný stefnumótun í *Uppeldi til ábyrgðar*. Stefna þarf að því að starfsmenn myndi eina heild sem vinnur að sama marki. Hópur nýrra kennara er jákvæður. Efla sérstöðu skólans og vekja athygli á því sem vel er gert. Takast á við að bæta námsárangur.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Nám og kennsla

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2008 er marktækt lakari en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Sama á við um árið 2007.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að bæta árangur nemenda í lestri.
- Hólabrekkuskóli hefur ekki verið þátttakandi í stærðfræðiskimun grunnskóla Reykjavíkur.
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.
- Hólabrekkuskóli er meðal þeirra skóla í Reykjavík sem sýna lakastan árangur nemenda í öllum þremur þáttum PISA 2006, náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi.
- Námskrár fyrir árganga í öllum greinum eru birtar á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir önnina og afhentar nemendum og foreldrum.
- Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir.
- Í 4. bekk og eldri árgöngum blandast nemendur í íslensku og stærðfræði í svokallaða regnbogahópa. Þörf er að ræða kosti og galla þess skipulags.

Nemendur og líðan

- 73% nemenda í 5.-7. bekk líður alltaf eða oftast vel í kennslustundum skv. könnun 2007 sem er yfir meðaltali í borginni (69%).
- Skólinn hefur unnið í verkefni Olweusar gegn einelti síðan árið 2004 og ýmislegt verið gert til að efla jákvæð samskipti.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína.
- Skemmtilegast finnst nemendum í list- og verkgreinum.
- Stjórn nemendafélags er skipuð fulltrúum 10. bekkjar. Rétt er að athuga hvort ekki sé ástæða til að nemendur úr yngri árgöngum starfi í nemendaráði og að nemendur sjálfir kjósi fulltrúa.

- Nemendaráð hefur ekki fundað með skólastjórnendum eða fjallað um skólastarf og faglega þætti.
- Festa mætti störf nemendaráðsins betur, skilgreina þarf með skýrari hætti hverjir eru fulltrúar í ráðinu og hverjir eiga að sitja fundi.
- Virkja þyrfti stjórn nemendafélags í skólastarfinu og vinna að auknu nemendalýðræði.
- Nemendur þekkja almennt skólareglur og virða þær.
- Bekkjarreglur eru uppi við í sumum skólastofum en ekki öllum.
- Oftast er góður vinnufriður og agi í kennslu.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Í könnun vorið 2008 segjast 74% foreldra barna í Hólabrekkuskóla vera ánægð með skóla barnanna sem er heldur hærra en í grunnskólum borgarinnar að meðaltali.
- Meðaltalsánægja foreldra í Hólabrekkuskóla með stjórnunina er aðeins undir meðaltali í borginni.
- Reglulegir fundir hafa verið með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Greinargóðar upplýsingar eru um starfsemi foreldrafélags á heimasíðu skólans.
- Foreldrar eiga almennt góð samskipti við stjórnendur og kennara og betri nú en áður.
- Upplýsingamiðlun til foreldra um skólastarfið almennt eru ekki alltaf nógu miklar.
- Samstarf og upplýsingamiðlun milli kennara og foreldra er misjöfn eftir kennurum.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er í flestum þáttum kominn áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5.
- Regnbogaskipulag er leið skólans til að veita nemendum nám við hæfi hvers og eins.
- Í kennsluáætlunum kemur fram áhersla á fjölbreyttar leiðir í námi bæði í yngri deildum og eldri.
- Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir í vettvangsathugunum, nemendur eru að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega.
- Í list- og verkgreinum vinna nemendur að ólíkri útfærslu sama grunnverkefnis.
- Skólastofur eru útbúnar sem sérgreinastofur í unglingadeild og nemendur fara á milli stofa.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt.
- Fjallað er um námsmat á heimasíðu skólans undir tenglinum námskrár. Þar kemur fram að lögð er áhersla á símat á námi nemenda.
- Skimanir eru markvisst lagðar fyrir nemendur með sérþarfir, en ekki er ljóst að hve miklu leyti sérkennsla byggir á þeim.
- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur sérkennsluna og starf þeirra sem að henni koma.
- Sérkennsla fer að mestu fram utan bekkjar.
- Vantar meira samstarf milli sérkennslu og kennaranna í skólanum
- Vegamót tekur við nemendum með náms- og/eða hegðunarerfiðleika til lengri eða skemmri tíma.
- Lausnateymi/ráðgjafarteymi er starfandi við skólann.

- Fleiri úrræða er þörf á vegum borgarinnar sem tekið gætu við nemendum sem brotið hafa brýr að baki sér í heimaskóla.

Skólaþróun og mat

- Þróunarverkefnið *Læsi til skilnings og Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir* virðast hafa fest sig í sessi í skólastarfinu.
- Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið unnin fyrir Hólabrekkuskóla og litlar upplýsingar liggja fyrir um hvernig unnið hefur verið að sjálfsmati í skólanum.
- Helstu áherslur í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2006-2007 eru settar fram undir fimm áhersluþáttum í starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar og tilgreind viðbrögð og aðgerðir, ábyrgð, tímaáætlun og mælikvarði á árangur hverrar aðgerðar.
- Þörf er á að forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og skilgreina þarf mælikvarða skýrar til að hægt sé að meta hvort tilætlaður árangur hefur náðst.

Virk upplýsingamiðlun

- Heimasíða skólans er í endurskoðun og áætlað að ný síða verði tekin í notkun fljótlega
- Fréttir virðast ekki færðar inn reglulega, en fréttabréf skólans er í tengli á forsíðu.
- Ekki fundust upplýsingar um móttöku og kennslu nýbúa né upplýsingar á öðrum tungumálum.
- Ekki eru upplýsingar um sjálfsmat eða umbótaáætlun á heimasíðunni.
- Stefna skólans í námi og kennslu kemur ekki skýrt fram í gögnum.
- Auk stefnumótunar vantar að fjalla um allnokkra þætti í skólanámskrá og starfsáætlun Hólabrekkuskóla sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram:
 - upplýsingar um skólaráð og hlutverk þess
 - skipulag kennslu og kennsluhætti
 - hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
 - móttökuáætlun fyrir innflytjendur
 - jafnréttisáætlun
 - verklagsreglur um slysavarnir
 - tengsl við önnur skólastig, atvinnulífið
- Gefnar eru út námskrár og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Í Hólabrekkuskóla er lögð áhersla á flokkun sorps, endurnýtingu og endurvinnslu.
- Verkefnið Hólabrekkuskóli á hreyfingu miðar að því að stuðla að bættri heilsu nemenda og starfsfólks skólans.
- Ánægja foreldra í Hólabrekkuskóla er meiri með húsnæði og aðbúnað skólans en almennt í borginni allri.
- Nemendum finnst þau örugg í skólanum og á lóðinni, kemur fram í rýnihópi þeirra.
- Skipuð hefur verið nefnd innan skólans til að vinna að áhættumati Hólabrekkuskóla, skv. Fyrsta mati þarf að skoða marga öryggisþætti.
- Neyðaráætlun og rýmingaráætlun þarfnast endurskoðunar.

Mannauður

Starfsmenn og líðan

- Starfsfólk er almennt ánægt í Hólabrekkuskóla og góður starfsandi virðist vera á vinnustaðnum.

- Nýir starfsmenn fengu góðar móttökur í haust.
- Samráð stjórnenda við starfsfólk er sagt vera takmarkað.
- Nýta má starfsmannafundi betur og gera þá markvissari.
- Töluvert hærra hlutfall starfsmanna í Hólabrekkuskóla svaraði því í könnun fyrir á þessu ári að þeir yrðu fyrir áreitni og einelti frá nemendum og foreldrum en almennt á MSR
- Samskipti kennara við foreldra virðast almennt ganga vel.
- Athuga þarf hvort hægt er að bæta aðbúnað á vinnustaðnum þar sem er ábótavant.
- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.
- Viðhorfakönnun 2008 sýnir að viðhorf starfsmanna í Hólabrekkuskóla eru mun neikvæðari gagnvart símenntun en almennt á MSR.
- Viðhorf gagnvart sameiginlegri símenntun í skólanum eru bæði jákvæð og neikvæð.
- Símenntun fyrir einstaka starfsmenn virðist ekki vera markvisst skilgreind.

Stjórnun og skipulag

- Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast tæp 63% foreldra vera ánægð með stjórnunina í Hólabrekkuskóla. Meðaltalsánægja foreldra í Hólabrekkuskóla með stjórnunina er aðeins undir meðaltali í borginni.
- Viðhorfakönnun 2008 mælir viðhorf starfsmanna gagnvart stjórnun í skólunum neikvæðari en almennt á MSR.
- Í rýnihópum kemur fram að starfsmenn eru nokkuð ánægðir með samstarf og samskipti við stjórnendur. Stjórnendur eru sýnilegir og gott aðgengi að þeim.
- Nýir kennarar eru mjög ánægðir með móttökur í haust og segja viðmót og stuðning stjórnenda sérstaklega góðan.
- Skipulag og upplýsingaflæði í skólanum er ekki í nógu góðum farvegi.
- Stefna og áherslur Hólabrekkuskóla þyrftu að vera aðgengilegri og settar skýrar fram. Stefnumótun skólans birtist hvorki á heimasíðu né í handbók skólans.
- Stefna þarf að því að starfsmenn myndi eina heild sem vinnur að sama marki.
- Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi sett sér nokkuð skýr markmið fyrir skólaárið, skv. vinnustaðagreiningu árið 2007.

Fjármál

- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002. 2002. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fréttabréf Hólabrekkuskóla. okt. 2008

Handbók Hólabrekkuskóla 2008-2009. Reykjavík: Hólabrekkuskóli.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.
Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskímunar í 2. bekk. Hólabrekkuskóli vorið 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Samskipti, Pollyanna. 2008. Reykjavík: Hólabrekkuskóli.

Skólanámskrá Hólabrekkuskóla 2007-2008. Reykjavík: Hólabrekkuskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum. 2008. Hólabrekkuskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008. Hólabrekkuskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

Vinnustaðagreining Capacent Gallup fyrir Grunnskóla Reykjavíkur 2007. Hólabrekkuskóli – kynning mars-apríl 2007.

www.holabrekkuskoli.is

Fylgiskjöl

1. Hólabrekkuskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Vettvangsathuganir
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um heimasíðu
6. Gátlisti um skólareglur